

**Nd.**

**60. Breytingartillögur**

[24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 7 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:  
*Skorradalsvegur*: Frá Háafelli um Fitjar að Efstabæ.
2. Á eftir B. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:  
*Svinadalsvegur*: Frá þjóðveginum hjá Hóli, norðan Laxár, á þjóðveginn í Kornahlíð gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 14 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
  - a. *Mófellsstaðavegur*: Af þjóðveginum innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði að Andakílsárbrú við vatnsósinn.
  - b. *Vatnshornsvegur*: Af þjóðveginum hjá Stóru-Drageyri um Haga og Vatnshorn að brúarstæði á Fitjaá gegnt Bakkakoti.
  - c. *Skálpastaðavegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði að Grímsárbrú hjá Oddsstöðum.
  - d. *Árbakkavegur*: Af Bæjarsveitarvegi ofanvert við Þórdísarholt um Hvítárbakka að Árbakka.
  - e. *Flókadalsvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja upp Flókadal um Skóga að Brennistöðum.
  - f. *Reykdælavegur*: Af þjóðveginum hjá Kleppjárnsreykjum um Steindórsstaði að Auðsstöðum og þaðan á Hálsasveitarveg.